

Mál nr. 296/2008
M og
V v. innbústryggingar

Bótakrafa vegna innbrots sem framið var á tímabilinu júní til ágúst 2008 .

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 16.12.2008. ásamt bréfi lögmanns M
2. Bréf V dags. 29.9. og 22.12.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-5.

Málsatvik.

M býr í fjölbýlishúsi og er íbúð M á jarðhæð og hægt að ganga af lóð inn á sólpall. M segist hafa verið erlendis 20. júní til 4 ágúst 2008 og þegar hún kom heim hafi hún strax orðið þess vör að búið var að fara inn í íbúð hennar og bentu hún á að verðmætum skartgripum hafi verið stolið úr kommóðu en ekki höfðu önnur verðmæti verið hreyfð þ.á.m. tölva, sjónvarp eða önnur rafmagnstæki eftir því sem segir í lögregluskýrslu. Í lögregluskýrslu segir að stormjárn að litlum glugga hafi verið brotið og ekki hafi verið að sjá að gluggakrækjur hafi verið kræktar en gluggi þessi snýr að sólpallinum. M krefst bóta úr tryggingu sinni hjá V og í bréfi lögmanns M segir að ekki hafi verið um gáleysi af hennar hálfu að ræða og muni M ekki til þess að gluggi sá sem um ræðir hafi verið opinn en hugsanlega hafi hann verið lauslega lokaður þannig að ekki hafi þurft mikið átak til að opna hann. Þannig hafi engin vegsummerki sést. V hafnar bótaskyldu og byggir á því að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða hjá M þegar hún gekk frá íbúð sinni áður en hún fór erlendis í því sambandi bendir V á 10 gr. vátryggingaskilmála

Álit.

Af framlögðum gögnum verður ekki séð að M hafi gætt þess að ganga frá íbúð sinni með nægjanlega tryggilegum hætti áður en hún fór erlendis. M gætti því ekki þeirrar varúðar sem henni bar að sýna og á hún því ekki kröfu um bætur úr tryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki kröfu um bætur úr tryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 27.1. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.